Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 07.06.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. júní 2018 varðandi eftirfarandi mál.

**Hafnarstrætisreitur 1.118.5**
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Hafnarstrætisreits, reits 1.118.5. Í breytingunni felst að svæði fyrir sorpskýli er stækkað og byggingarreitur fyrir það skilgreindur, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 16. apríl 2018.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Landmótunar dags. 16. apríl 2018.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík




Deiliskipulag Hafnarstrætisreits samþykkt 25.11.1997, br. 07.11.2013, og 12.04.2017. mkv. 1:500




Tillaga að breyttu skipulagi Hafnarstrætisreits, 16. apríl 2018, mkv. 1:500

## GREINARGERÐ MEÐ ÓVERULEGRI BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

Gildandi er deiliskipulag Kvosar sem staðfestur var af félagsmálaráðherra þann 22.02.1988 , breytt deiliskipulag Hafnarstrætis 17, samþykkt 25.11.1997 og breytingar á deiliskipulagi Hafnarstrætisreits sem tóku gildi 07.11.2013, og 12.04.2017.

Gerð er óveruleg breyting á deiliskipulaginu. Svæði fyrir sorpskýli er stækkað og byggingarreitur fyrir það skilgreindur. Byggingarreitur fyrir sorpskýlið er á lóðum nr. 15, 17-19 við Hafnarstræti og á Bæjartorgi og er alls 27,9 $m^2$. Bæjartorg minnkar sem nemur 10,2 $m^2$. Sorpskýlið skal vera sameiginlegt fyrir allan reitinn. Það skal vera ein heild og úr óbrennanlegum efnum og gámarnir lokaðir stálgámar. Gerð er krafa um vandaða hönnun sem sómir sér vel á torginu. Hér er ekki um neinn bakgarð að ræða heldur mjög vinsælt torg fyrir borgarbúa og aðra gesti og þarf hönnun á sorpskýlinu, efnisval og frágangur að taka mið af því.

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulags Hafnarstrætisreits, sem samþykkt var í borgarráði 25.7.2013 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 07.11.2013.




Skýringarmynd: Staðsetning pylsuvagns er frjáls innan skástrikaðs svæðis á torgi en verði ákveðin í samráði við Reykjavíkurborg. Starfsemi pylsuvagns skal hafa aðgang að sorpskýli. mkv. 1:750.




Hluti úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 - staðsetning breytingar.

**Skýringar**

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Byggingar innan deiliskipulags
- Friðuð hús (F)
- Hverfisvernd, 1925 eða fyrr (HV)
- Spennistöð (Z)
- Sorpskýli (sorp)
- Byggingarreitur fyrir sameiginlegt sorpskýli
- Deiliskipulagsmörk
- Mörk lóða
- Byggingareitur

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á_______________________ þann _________ 20___.

Til samræmis viðheimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20___.

16.04.2018
Svæði fyrir sorpgeymslur stækkað inn á Bæjartorg.

# HAFNARSTRÆTISREITUR stgr. 1.118.5

Deiliskipulagsbreyting fyrir Pósthússtræti 1

Breytt staðsetning spennistöðvar á torgi á horni Pósthússtrætis og Tryggvagötu.

REYKJAVÍKURBORG

LANDMÓTUN HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 575 5300 - FAX: 554 5360 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

| | |
|---|---|
| DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR | SKIPULAG: ÁT, KUS<br>TEIKNAÐ: KUS<br>SAMÞYKKT<br>KT. |
| KVARÐI 1:750 / 1: 500 A2 | KÓPAVOGUR dags. 16. apríl 2018. |
| VERKNR. | TEIKN. NR. BR. |
| 0000-DG1403A | 001 |